

Stærðfræði 5. bekkur

Kennarar: Hrund Malín Þorgeirsdóttir

5

Lýsing

Einstaklingsmiðað nám. Nemendur vinna skv. áætlun á eigin hraða.

Námsefni: Stika 1a og 1b auk efnis af vef s.s. Rasmus, Quizlet og öpp í iPad.

Samþætting við útikenntlu þar sem þekking á stærðfræðihugtökum er dýpkuð með raundæmum í náttúrunni.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Námsefnið unnið með hópnum og einstaklingslega.

Námssvinir vinna saman að úrlausn verkefna. Unnið verður bæði bóklega og munnlega með viðfangsefni stærðfræðinnar.

Grunnatriði þjálfuð í anda vaxandi hugarfars.

Námsaðlögun

Nemendur fá verkefni miðað við eigin hæfni og getu.

Nemendur vinna á eigin hraða.

Einstaklingsbundin leiðsögn og yfirferð að loknum verkefnum - verkefni og árangur rædd í hópnum með vaxandi hugarfar sem leiðarstef.

Námsmat

Einstaklingsbundið símat með virkri endurgjöf í kennslustundum. Farið yfir frammistöðu og árangur á samtalsdögum með foreldrum.

Notast verður við símat og leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn og notað verður námsmatskerfi úr Mentor.

Verkefni, hlutapróf, munnleg próf.

Lögð verða fyrir áætlanir sem mikilvægt er að fylgja, matsverkefni, hlutapróf, munnleg próf og munnlegar kynningar.

Lokamat verður með fimm táknum: framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

5. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

5. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Skilur og getur notað hugstökin tíundi hluti, ummál, flatarmál, hornasumma, hliðrun, speglun, hluti og heild.
- Notar og les rétt úr merkjunum $>$; $=$.
- Þekkir helstu skammstafanir í metrakerfinu m, cm, dm, mm, l, dl, ml, g, kg og sambandið á milli eininganna.

5. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Þekkir táknin fyrir fermetra og fersentimetra, getur lesið úr þeim og skráð.

5. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Tölur og reikningur

- Getur námundað tugabrot að heilli tölu.
- Getur reiknað með negatívum/neikvæðum tölum.
- Getur margfaldað saman tvær tölur af öryggi.
- Getur notað rúðunet til að margfalda saman tvær tölur á milli 10 og 20 og tölu minni en 10.
- Getur beitt reikniaðgerðunum fjórum við lausn orðadæma með tölum allt að 100.000.
- Áttar sig á hvað hugtökin nefnari og teljari merkja.
- Litar myndir eftir uppgefinni %, finnur 50% og skilur tengsl hundraðshluta og prósentu.
- Getur raðað tölum með 2 aukastöfum eftir stærð.
- Getur reiknað samlagningar- og frádráttardæmi með tugabrotum með lóðréttri uppsetningu.
- Getur skráð margföldunar- og deilingardæmi út frá myndum og orðadæmum.
- Getur skráð hluta af heild með almennu broti.
- Áttar sig á almennum brotum sem eru stærri en einn heill.
- Skilur og getur nota hugtökin tíundi hluti og hundraðs hluti.

- Getur margfaldað og deilt í heilar tölur með 10, 100 og 1000.
- Getur nýtt sér kunnáttu í margföldun til að deila í tölur undir 200.
- Getur teiknað mynd af heild út frá gefnum hluta.
- Getur lagt saman og dregið frá samnefnd brot.

5. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Algebra

- Getur unnið áfram með mynstur tengd myndum.
- Getur fundið óþekktar stærðir í samlagningar og frádráttardæmum.
- Getur unnið áfram með mynstur og fundið út myndtölu næstu mynda.
- Getur haldið áfram með talnarunur.

5. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Rúmfræði og mælingar

- Þríhyrningar. Þekkir hugtökin: Rétthyrndur þríhyrningur, gleiðhyrndur þríhyrningur og hvasshyrndur þríhyrningur.
- Þekkir hugtakið samsíða.
- Kynnist því að mæla og teikna horn með gráðuboga.
- Getur reiknað ummál marghyrninga.
- Skilar öllum svörum með mælieiningum.
- Getur borið saman hitastig.
- Ferhyrningar. Þekkir hugtökin: Rétthyrningur, ferningur, tígull, samsíðungur og trapisa.
- Getur hliðrað og speglað myndum.
- Kynnist hornasummu þríhyrnings og ferhyrnings.
- Getur fundið flatarmál hyrninga út frá rúðuneti.
- Teiknar ferhyrninga og rétthyrninga eftir fyrimælum.
- Þekkir rétt, hvöss og gleið horn.
- Getur fundið óþekkt horn í ferhyrningi og þríhyrningi.

- Gerir sér grein fyrir að flatarmál þríhyrnings er helmingur flatarmáls rétthyrnings með sömu grunnlínu og hæð.
- Getur lesið af hitamælum og staðsett neikvæðar tölur á talnalínu

5. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Tölfræði og líkindi

- Getur lesið úr og búið til tíðnitöflur.
- Getur lesið úr og búið til súlurit.
- Getur fundið miðgildi og tíðasta gildi talnarunu.